

Einar Kristján Jónsson

Subject: FW: Alviðruhamrar skipulagslýsn
Attachments: 113684-01-LYS-001-V01- Alviðruhamrar hafnarsvæði.pdf

Frá: Ásgeir Jónsson <asgeir.jonsson@efla.is>
Sent: föstudagur, 14. nóvember 2025 09:55
Til: Jóhannes Gissurarson <oddviti@klaustur.is>; Byggingarfulltrúi Klaustri <bygg@klaustur.is>
Afrit: Anna Sólrún Kolbeinsdóttir <Anna.Solrun.Kolbeinsdottir@efla.is>; Brynja Rán Egilsdóttir <brynja.ran.egilsdottir@efla.is>; Guðmundsson, Ragnar <r.gudmundsson@ep-pm.com>; Anna Bragadóttir <anna.bragadottir@efla.is>; Snævarr Örn Georgsson <snaevarr.georgsson@efla.is>
Efni: Re: Alviðruhamrar skipulagslýsn

Sælir Jóhannes og Hlynur

f.h. EP Power Minerals Iceland.ehf. sendi ég ykkur, meðfylgjandi, skipulagslýsing vegna hafnarframkvæmda við Alviðruhamra
Ósk er eftir að lýsingin verði tekin til skipulagsmeðferðar.
Tengilur EP Power, Ragnar Guðmundsson, er í cc.

Þið látið mig vita ef skrá þarf verkefnið formlega inn hjá ykkur.

vinsamlega staðfestið móttöku 😊

kv.



ÁSGEIR
JÓNSSON
Skipulag
Landfræðingur B.Sc.

AÐALSKIPULAG SKAFTÁRHREPPS 2023-2043

Skipulagslýsing vegna breytingar

Alviðruhamrar - nýtt hafnarsvæði

13.11.2025



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

113684-LYS-V02

HÖFUNDUR

AB

RÝNT

ÁJ/BRE/ASK

EFLA VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Matsskylda framkvæmda	4
1.2	Skipulagslýsing	4
2	FORSENDUR	4
2.1	Staðhættir	5
2.2	Verndarsvæði	7
2.3	Fornminjar	8
2.4	Vatnshlot	8
2.5	Náttúruvá	9
2.6	Sandburður meðfram ströndu	9
2.7	Grjótnám	10
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	10
3.1	Landsskipulagsstefna 2024-2038	10
3.2	Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043	12
3.3	Deiliskipulag	13
4	AÐALSKIPULAGSBREYTING	13
5	DEILISKIPULAG	13
6	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	13
6.1	Umhverfisþættir og áherslur	14
7	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	15
7.1	Umsagnaraðilar	15
7.2	Skipulagsferli	16
8	HEIMILDASKRÁ	16

1 INNGANGUR

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043. Gerð verður breyting á landbúnaðarsvæði og því breytt í hafnarsvæði, með heimild til hafnargerðar, varnargarða og bygginga sem tengjast notkun hafnarinnar og verkefninu. Skipulagslýsingin nær einnig til deiliskipulags þar sem gert verður nánari grein fyrir framkvæmdum.

Til stendur að gera nýja bryggju við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Gert er ráð fyrir langri og mjórri rörabryggju sem nær um 2 km út í sjó og um 200 m löngum viðlegukanti við enda hennar. Frá bryggjunni verður flutt út efni úr efnistöku austan við Hafursey sem skilgreint er í Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2021-2033 með að hámarki 146.000.000 m³ efnistökuheimild. Til að koma efni frá námunni við Hafursey að Alviðruhömrum koma helst tveir valkostir til greina. Annars vegar að flytja það með færibandi yfir sandinn, eða með vörubílum eða vagnlestum eftir vinnuvegi allt að 16 km leið. Leiðin frá efnistökusvæðinu að hafnargarðinum fellur ekki innan aðalskipulags en gerð verður grein fyrir aðkomu umferðar, annarrar en efnisflutninga, frá þjóðvegi.

1.1 Matsskylda framkvæmda

Þar sem til stendur að leggja nýjan veg sem er lengri en 10 km, gera bryggju og viðlegukant sem getur tekið á móti skipum stærri en 1.350 tonn og efnisþörf er meiri en 500.000 m³, þá er framkvæmdin matsskyld skv. töluliðum 2.01, 10.07 og 10.09 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Matsáætlun var kynnt frá 19. mars til 16. apríl 2025. Unnið er að gerð umhverfismatsskýrslu framkvæmdar sem kynnt verður á [skipulagsgátt](#).

1.2 Skipulagslýsing

Skipulagslýsingin er sett fram í samræmi við 30. og 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og unnin í samræmi við grein 4.2. og 5.2 í Skipulagsreglugerð nr. 90/2013, með síðari breytingum.

Með skipulagslýsingu er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar og nýju deiliskipulagi.

2 FORSENDUR

Fyrirhuguð er efnistaka á Mýrdalssandi austan Hafurseyja á um 146 milljónir m³ af efni. Til stendur að nota efnið til sementsframleiðslu á meginlandi Evrópu en rannsóknir sýna að nýting vikursins dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Sementsframleiðslu fylgir mjög mikil koldíoxíðslosun og áætlað að hún beri ábyrgð á um 8% af allri koldíoxíðslosun af manna völdum í heiminum. Til stóð að flytja efni eftir þjóðveginum á Suðurlandi til Þorlákshafnar og þaðan í útflutning en sú leið mætti mikilli andstöðu og var framkvæmdaraðili hvattur til þess, bæði af sveitarfélögum á svæðinu og einkaaðilum, að kanna

aðra möguleika, s.s. að gera nýja bryggju við suðurströndina nær efnistökusvæðinu¹. Framkvæmdaraðili hefur kannað möguleika á svæðinu og hafa grunnrannsóknir leitt í ljós að það kann að vera raunhæfur möguleiki á því að byggja upp og reka viðlegukant við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi. Aðstæður við Alviðruhamra hefur þá kosti sem leitast var eftir við gerð bryggju á suðurströndinni, m.a. eftirfarandi.

- Einn af fáum stöðum á suðurströnd Íslands þar sem berg og fast land nær alla leið að sjó.
- Nálægð við námu á Mýrdalssandi austan Hafurseyjar.
- Skjól frá mögulegum Kötluhlaupum.
- Auðveld aðkoma og vegagerð.
- Lítið rask á landi og vistgerðum, svæðið er að mestu lítt gróinn sandur.
- Mjög lítið um yfirborðsvatn og engar veiðiár/veiðivötn.
- Liggur vel við framburði vatnsfalla, þ.e. hann beinist aðallega annað.
- Einsleitur sjávarbotn auðveldar bryggjugerð.



MYND 1. Einfölduð skýringarmynd af mannvirkjum framkvæmdarinnar á rekstrartíma. Mannvirki eru ekki í réttum kvarða eða með nákvæma staðsetningu. Gervihnattarmynd fengin úr vefsíðu Landmælinga Íslands.

Til að koma efni frá námusvæðinu að Alviðruhömrum koma helst tveir valkostir til greina. Annars vegar að flytja það með færibandi eftir sandinn, eða með vörubílum eftir vinnuvegi, allt að 16 km leið. Báðir valkostir myndu fara undir þjóðveg 1 í undirgöngum og því fara engir flutningar um þjóðveg neins staðar í ferlinu. Reiknað er með að útflutningur verði um 5 milljónir tonna af efni árlega. Miðað við það árlega magn myndi efnið námunnar endast í um 30 ár.

2.1 Staðhættir

Alviðruhamrar eru á austanverðum Mýrdalssandi milli Hjórléifshöfða og óss Kúðaflióts. Þar nær fast berg nánast alla leið til sjávar, en að öðru leiti er svæðið sandur sem myndaður er af framburði jökuláa

¹ Skipulagsstofnun, „Efnistaka á Mýrdalssandi, Mýrdalshreppi - Álit um mat á umhverfisáhrifum,“ Skipulagsstofnun, Reykjavík, 2023.

og sandflutningi meðfram ströndu líkt og mestöll suðurströnd landsins. Um 12 km austan fyrirhugaðs bryggjustæðis er ós Kúðafliðs, en framburður þaðan berst að mestu til austurs. Næsta jökulfljót vestan bryggjunnar er Múlakvísl um 24 km vestar handan Kötlutanga. Um 100 m frá sjó eru hinir eiginlegu Alviðruhamrar, sem eru þó ekki miklir hamrar, um 2-3 mannhæðir þar sem þeir eru hæstir. Eru þeir syðsti hluti hrauns sem myndaðist við gos í Eldgjá 934 og rann alla leið til sjávar. Hraunin sem runnu í því gosi þekja samtals 800 km² lands². Hraunið og landsvæðið við Alviðruhamra er að mestu hulið sandi og er melgresi úr landgræðsluverkefnum helsti gróðurinn á stóru svæði.

Svæðið er að einsleitt og samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar Íslands er það að mestu auravist með miðlungs verndargildi og strandmelhólavist með lágt verndargildi en hafa ber í huga að nokkur óvissa getur verið í vistgerðakorti NÍ.



MYND 2. Alviðruhamrar þar sem þeir standa upp úr fjörusandinum.

² Árni Hjartarson. 2011. „Víðáttumestu hraun Íslands.“ *Náttúrufræðingurinn* 81, 37-49.



MYND 3. Horft inn til Hafurseyjar og Mýrdalsjökuls frá Alviðruhömrum. Landið er sandorpið hraun með melgresisbrúskum.

Einu mannvirkin á svæðinu er Alviðruhamarsviti alveg austast á Mýrdalssandi skammt frá ós Kúðaflijóts, og gamalt sæluhús fyrir skipbrotsmenn á Alviðruhömrum. Alviðruhamarsviti var reistur árið 1929 og er 21 m hár og töluvert utan framkvæmdarsvæðisins. Sæluhúsinu verður ekki raskað við framkvæmdir.

Engin föst aðkoma er að svæðinu og þarf að gera grein fyrir nýrri veltengingu frá þjóðvegi 1 í skipulagi.

2.2 Verndarsvæði

Framkvæmdir ná ekki yfir svæði á náttúruminjasrá, hverfisvernduð svæði, mikilvæg fuglasvæði, vatnsverndarsvæði, friðlýstar náttúru- eða menningarminjar. Framkvæmdir eru þó að stórum hluta á Eldgjárhrauni sem nýtur sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, það hefur þó að einhverju eða miklu leyti glatað verndargildi sínu sökum þess hve sandorpið það er og hulið sandi, sbr. frumvarpi sömu laga³. Einnig fer flutningsleiðin milli námu og bryggju um svæði þar sem finna má gervigíga sem njóta einnig sérstakrar verndar skv. sömu lagagrein.

³ Umhverfis- og auðlindaráðherra. 2012. *Frumvarp til laga um náttúruvernd*. Reykjavík: Alþingi.



MYND 4. Appelsínugult svæði eru svæði þar sem finna má gervígíga sem njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Skástrikað svæði er friðlýst náttúruvætti, m.a. vegna gervígíga.

Í nágrenni við bæinn Mýrar í Álftaveri eru votlendi yfir 2 ha að stærð sem sjálfkrafa njóta sérstakrar verndar skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013, einkum meðfram Kúðaflijóti. Ós Kúðaflijóts er tilnefndur í B-hluta náttúru-minjaskrár vegna selaláturs landsels, en ósinn er í um 10 km fjarlægð frá framkvæmdasvæðinu og munu framkvæmdir ekki hafa áhrif á ósinn.

2.3 Fornminjar

Fornminjaskráning fór fram sumarið 2025 og gerð verður grein fyrir skráningu í deiliskipulagi.


2.4 Vatnshlot

Svæðið tilheyrir vatnshlotinu Suðursandar (103-296-G)⁴. Umhverfismarkmið er að vera með góða magnstöðu og efnafræðilegt ástand. Magnstaða og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins eru óþekkt. Staðbundið álag er skráð á vatnshlotinu vegna öskuhauga eða sorplosun á Hnappavöllum í Öræfum, við Uxafótalæk í Mýrdalshreppi og á Stjórnarsandi í Skaftárhreppi.

⁴ [Vatnavefsjá](#)

2.5 Náttúruvá

Fyrir utan ofsaveður og öldugang er mögulegt jökulhlaup úr Kötlu helsta ógnin sem steðjar að mannvirkjum á Alviðruhömrum. Eldgjáhraun, og þar með Bólhraun og Alviðruhamrar, liggja þó hærra en sandurinn í kring og því eru mannvirkin á Alviðruhömrum í töluverðu skjóli frá helstu hlaupleiðum.



MYND 5. Farleiðir Kötluhlaupsins 1918 og tjón af völdum hlaupsins. Mynd: Guðrún Larsen⁵.

2.6 Sandburður meðfram ströndu

Sandburður í sjó við Alviðruhamra er algengari frá vestri til austurs sökum ríkjandi vindáttar og því er svæðið ágætlega staðsett með tilliti til sandburðar. Um 12 km austan bryggjunnar er ós Kúðaflióts, en framburður þaðan berst að mestu til austurs. Næsta jökulfliót vestan bryggjunnar er Múlakvísl um 24 km vestar handan Kötutanga.

⁵ Guðrún Larsen. 2018. Jökulhlaup til austurs og suðurs frá Myrdalsjökli - Kötluhlaup eftir 1600: Umfang, hlaupleiðir, tjón og umhverfisbreytingar, ásamt viðaukum. Reykjavík: Jarðvísindastofnun Háskólans.

2.7 Grjótnám

Áætluð efnistaka í grjótnargarðinn er um 2,5 milljón m³. Skoðaðir voru 10 staðir og eru tveir þeirra líklegastir, sjá **MYND 6**. Búið er að útiloka valkost A þar sem grjótið þar hentar ekki:

B) Alviðruhamrar í Eldgjárhrauni

C) Bólhraun/Eldgjárhraun.



MYND 6. Svæði sem voru skoðuð m.t.t. grjótnáms.

Í breytingu aðalskipulagsins verður gerð grein fyrir nýju efnistökusvæði/svæðum.

3 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Landsskipulagsstefna er stefnumótandi áætlun sem sett er fram af stjórnvöldum og hefur það markmið að móta heildarsýn um hvernig landið skuli skipulagt og nýtt til framtíðar. Markmið stjórnvalda í skipulagsmálum er vernd umhverfis og náttúru, stuðla að almennri velsæld í samfélagi og skapa samkeppnishæft atvinnulíf.

Megin tilgangur landsskipulagsstefnu:


- Samræma skipulagsáætlanir á landsvísu.
- Tryggja sjálfbæra þróun byggðar og náttúruauðlinda.
- Stuðla að góðri nýtingu lands með hagsmuni samfélags, umhverfis og efnahags í huga.
- Vera leiðarljós fyrir svæðis- og aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga.

Samkeppnishæft atvinnulíf er eitt af þremur meginmarkmiðum stefnunnar, sem felur í sér að skapa forsendur fyrir öflugra innviði og verðmætasköpun sem er í samræmi við fyrirhugaða uppbyggingu og framkvæmdir. Eftirfarandi þættir eru hafðir í huga við gerð og framfylgd skipulags á haf- og strandsvæðum:

- Við skipulag haf- og strandsvæða verði líffræðileg fjölbreytni og framleiðslugetu hafsins viðhaldið með því að standa vörð um vistkerfi og ástand sjávar.
- Skipulag haf- og strandsvæða viðhaldi sérkennum og náttúrugæðum með verndun sérstæðrar náttúru og menningarminja.
- Við skipulagsgerð á haf og strandsvæðum verði gætt að varðveislu verðmæts landslags, landslagsheilda og óbyggðra víðerna á landi. Við gerð strandssvæðisskipulags verði tekið mið af bestu fánlegu upplýsingum um áhrif loftslagsbreytinga, svo sem um breytingu á sjávarborði, hlýnun og súrnun sjávar og röskun búsvæða.
- Við skipulagsgerð verði möguleiki íbúa til að hafa áhrif á mótun nærumhverfis síns tryggður í öllu skipulagsferlinu; frá forsendugreiningu til tillögugerðar og kynningar endanlegra skipulagstillagna.
- Hugað verði að skýrri og góðri framsetningu skipulagsgagna sem auðvelda almenningi að kynna sér tillögur og tileinka sér efni þeirra.
- Á haf- og strandsvæðum verði tryggðar öruggar og greiðar samgöngur og gott aðgengi að höfnum. Í því felst að ákvarðanir um staðbundna nýtingu byggist á mati á siglingaöryggi.
- Við skipulag á haf- og strandsvæðum verði tekið tillit til náttúruvár. Við greiningu á valkostum fyrir staðbundna nýtingu á strandsvæðum verði metið, eins og kostur er, hvort fyrirhugaðri starfsemi stafi hættu af náttúruvá.
- Við skipulag á strandsvæðum verði stuðlað að gæðum umhverfis við ströndina og vandað til staðarvals, yfirbragðs og hönnunar mannvirkja. Tekið verði mið af staðareinkennum og staðbundnum gæðum sem felast í menningarminjum, náttúru og landslagi.
- Við skipulagsgerð verði gætt að greiðu aðgengi almennings að strandsvæðum til útivistar, hreyfingar og náttúruupplifunar.
- Skipulag strandsvæða stuðli að bættum loftgæðum í höfnum og á strandsvæðum með áherslu á orkuskipti.
- Skipulag haf- og strandsvæða stuðli að góðu ástandi strandsjávar til þess að vernda vatn og vistkerfi þeirra. Það felur m.a. í sér að ákvarðanir um nýtingu haf- og strandsvæða rýri ekki ástand sjávar og miði að því að bæta ástand vatnshlota sem eru undir álagi.
- Til grundvallar skipulagsgerð á haf- og strandsvæðum verði lögð gögn um nýtingu haf- og strandsvæða, þ.m.t. um veiðar, staðbundna nýtingu, svo sem eldi og ræktun nytjastofna og efnistöku, ásamt gögnum um siglingar og siglingamerki, veitumannvirki og ferðaþjónustu.
- Skipulag haf- og strandsvæða stuðli að sjálfbærri atvinnustarfsemi sem nýtir styrkleika svæðis til framtíðar.

3.2 Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043

Í aðalskipulagi er landbúnaðarsvæði (L4). Land í þessum flokki er beitarland sem er lítið byggt land sem flokkast í landslagsflokkun sem jökulsandar svo sem Mýrdalssandur, Skeiðarársandur og fjörur, einnig land sem er 200 – 300 m.y.s. og bratt. Í Bólhrauni skammt frá framkvæmdasvæðinu er gert ráð fyrir 4,8 ha grjótnámu þar sem heimilt er að taka allt að 150.000 m³ af efni.



MYND 7. Hluti úr aðalskipulagssjá Skipulagsstofnunar⁶.

Í aðalskipulaginu segir:

„Í tengslum við umfangsmikla efnistöku við Hafursey á Mýrdalssandi hafa komið fram hugmyndir um útflutningshöfn við Alviðruhamra innan Skaftárhrepps. Efni yrði þá flutt frá Hafursey að Alviðruhömrum eftir vinnuvegum eða með færibaldi án þess að þungaumferð færi um almenna þjóðveg. Enn er margt óljóst um endanlega útfærslu en Skaftárhreppur telur þetta áhugaverða framkvæmd og er fylgjandi því að þessi valkostur sé rannsakaður frekar og þróaður áfram af framkvæmdaraðila.“

Breyting aðalskipulags, sem hér er gert grein fyrir, er forsenda fyrir þeim framkvæmdum sem um er getið í gildandi aðalskipulagi og útfærir þær hugmyndir nánar.

⁶ <https://www.skipulagsvefsja.is/>

3.3 Deiliskipulag

Ekkert samþykkt deiliskipulag er á áhrifasvæði framkvæmdanna. Deiliskipulag verður unnið í samráði framkvæmdaraðila og sveitarfélags.

4 AÐALSKIPULAGSBREYTING

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti aðalskipulagsins. Nýtt hafnarsvæði verður skilgreint við Alvíðruhamra. Á hinu nýja hafnarsvæði verður heimilt að reisa starfsmannaaðstöðu og verkstæði, opið geymslusvæði á um 40 ha svæði um 2 til 4 km frá ströndinni. Bryggja mun ná um 2 km út frá ströndinni og verður hún reist á stálörum sem verða rekin niður í sjávarbotninn. Við enda bryggjunnar verður viðlegukantur til að taka á móti allt að 220 m löngu og um 50.000 tonna skipi. Til að skýla bryggju og viðlegukanti verður gert ráð fyrir um 1 km löngum brimvarnargarði sunnan viðlegukants. Bryggja verður tengd landi með grjótvörðum vegi enda þörf á að koma a.m.k. minni tækjum/fólki út á viðlegukant en efni verður flutt með færibandi til lestunar í skipi.

Á byggingartíma mun mögulega þurfa aðstöðu fyrir báta og pramma sem vinna að byggingu bryggjunnar og gerð brimvarnargarðsins sem skýlir henni. Líklega verður því fjallað um aðstöðu upp við landið fyrir vinnubáta. Tveir grjótgarðar út frá ströndinni munu teygja sig að hvor öðrum og mynda innsiglingu. Skv. grófri forhönnun eru garðarnir 920 m og 600 m langir og ná um 4-500 m út frá ströndinni. Áætluð efnispörf er um 1 milljón m³ af efni, einkum grjóti. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvort að aðstaðan verði áfram til frambúðar, t.d. notuð fyrir dráttarbáta, eða hvort að hún verði fjarlægð að framkvæmdum loknum.

Gera þarf ráð fyrir efnistöku í grjótgarð í breytingu aðalskipulagsins og aðkomuleiðum að því svæði. Mögulega verður notast við steypa lausn eða grjót fengið sjóleiðina frá Þorlákshöfn.

Leiðin frá efnistökusvæðinu í Mýrdalshreppi að hafnargarðinum fellur ekki innan aðalskipulags en gerð verður grein fyrir aðkomu umferðar, annarrar en efnisflutninga, frá Þjóðvegi.

5 DEILISKIPULAG

Deiliskipulag svæðisins mun taka til hafnarsvæðisins og gera nánari grein fyrir útfærslu, byggingum og tækjum. Þar sem framkvæmd er hluti stærra verkefnis verður gerð grein fyrir tengdum framkvæmdum, umhverfismati og mögulegum mótvægisáðgerðum, þótt deiliskipulagið sjálft taki einungis yfir hafnarsvæðið.

6 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Markmið laganna er sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif.

Í umhverfismatsskýrslu áætlunar eru áhrif af skipulagsáformum metin. Hafa þarf í huga nákvæmni áætlunar og stöðu hennar á skipulagsstigi. Við breytingu aðalskipulags er óvíst hvort hægt sé að meta öll umhverfisáhrif með fullnægjandi hætti vegna skorts á fyrirliggjandi gögnum og/eða upplýsingum. Í slíkum tilfellum er nánar gerð grein fyrir ákveðnum umhverfisþáttum á síðari stigum skipulagsvinnu, s.s. við gerð deiliskipulags eða umsókn um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi. Þá er einnig nánar gerð grein fyrir umhverfisáhrifum í matsfyrirspurn. Þar sem til stendur að leggja nýjan veg sem er lengri en 10 km, gera bryggju og viðlegukant sem getur tekið á móti skipum stærri en 1.350 tonn og efnisþörf er meiri en 500.000 m³, þá er framkvæmdin matsskyld skv. töluliðum 2.01, 10.07 og 10.09 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

6.1 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu verða skoðuð áhrif stefnunnar á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 1 og leitast við að svara matsspurningum. Þar sem engir aðrir valkostir í grennd við Mýrdalssand bjóða upp á sambærilegar aðstæður verður einungis metnir valinn kostur og núll kostur.

TAFLA 1. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043 - Að vernda sérkenni og fjölbreytileika náttúrunnar. Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Ráðstöfun lands taki mið af þeim gæðum sem felast í landslagi. - Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 61. gr. um sérstaka vernd tiltekinna vistkerfa og jarðminja.	Hefur stefnan áhrif á landslag? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?
Vatnshlot <i>Ár, vötn og grunnvatn.</i>	Vatnaáætlun Íslands 2022-2027 - Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. - Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar.	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og vatnavistkerfi?
Lífriki <i>Gróðurlendi og vistkerfi</i>	Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043 - Verndun lands og þróun gróðurfars haldist í hendur við skynsamlega landnýtingu og val búgreina. Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja.	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi?
Samfélag <i>Íbúar.</i> <i>Atvinnulíf.</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda. - Skipulag feli í sér stefnu um aðlögun að loftlagsbreytingum sem styrkir viðnámsþrótt viðkomandi samfélags til langs tíma. - Við skipulag atvinnusvæða verði litið til þess hvernig þau geti jafnað tækifæri til atvinnu, stuðlað að sjálfbærri þróun og stutt við byggðapróun. Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043	Hefur stefnan áhrif á íbúa? Hefur stefnan áhrif á atvinnulíf?

	Auka verðmætasköpun í sveitarfélaginu byggða á nýsköpun, hugviti, og tækni, með áherslu á hringrásarhugsun í þágu sjálfbærni.	
Vernd og minjar <i>Menningarminjar.</i> <i>Verndarsvæði.</i>	Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043 Vernda skal menningar- og búsetuminjar fyrir framkvæmdum, athöfnum og annarri nýtingu, svo sem mannvirkjagerð, skógrækt og ágangi búfjár.	Hefur stefnan áhrif á menningarminjar? Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði?
Loft og hljóðvist <i>Gróðurhúsalofttegundir</i> <i>Mengun lofts</i> <i>Hljóðmengun</i>	Landsskipulagsstefna 2024-2038 - Skipulag feli í sér stefnu um loftslagsmál með kolefnishlutleysi og orkuskipti að leiðarljósi. Stefnt verði að því að draga eins og kostur er úr losun gróðurhúsalofttegunda og jarðefnaeldsneyti fasað út í lofti, á láði og legi. - Skipulag geri viðeigandi ráðstafanir varðandi heilnæmi umhverfis; vatnsvernd, vatnsveita, fráveita, úrgangur, hljóðvist og loftgæði. Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030. - Orkuskipti í vegasamgöngum, átak í kolefnisbindingu, bættri landnotkun, skógrækt, landgræðsla, endurheimt votlendis.	Hefur stefnan áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda? Hefur stefnan áhrif á mengun lofts? Hefur stefnan áhrif á hljóðvist?

7 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ


Með kynningu skipulagslýsingar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið við mótun breytingarinnar.

Skipulagslýsing verður kynnt í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast í skipulagsgátt fyrir auglýstan tímafrest.

7.1 Umsagnaraðilar

- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Landsnet
- Rarik
- Land og skógur
- Vegagerðin

7.2 Skipulagsferli



8 HEIMILDASKRÁ

Árni Hjartarson. 2011. „Víðáttumestu hraun Íslands.“ *Náttúrufræðingurinn* 81, 37-49.

Guðrún Larsen. 2018. *Jökulhlaup til austurs og suðurs frá Mýrdalsjökli - Kötluhlaup eftir 1600: Umfang, hlaupleiðir, tjón og umhverfisbreytingar, ásamt viðaukum*. Reykjavík: Jarðvísindastofnun Háskólans.

Landmótun. 2024. *Aðalskipulag Skaftárhrepps 2023-2043*. Kirkjubæjarklaustur: Skaftárhreppur.

Umhverfis- og auðlindaráðherra. 2012. *Frumvarp til laga um náttúruvernd*. Reykjavík: Alþingi.